

Af nýjum stofnunum, er vænlegar eru til nytsemdar og þjóðþrifa, er fram líða stundir, má nefna «Nemendasjóð Mððruvallaskóla». Stofnuðu lærisveinar skólans sjóð þenna með ráði kennaranna, seldu bækur lestrarfjelds síns, hjeldu hlutaveltu og fengu þar á ofan nokkrar gjafir frá einstökum mönnum. Varð stofnfjeld alls 439 kr. 72 a., er síðan var sett á vöxtu. Framvegis skal leggja tillög öll frá kennurum og lærisveinum og aðrar gjafir við höfuðstólinn og eigi eyða vöxtunum fyr en þeir eru orðnir 40 kr. á ári; úr því skal vöxtum öllum varið til þess að styrkja fátæka og efnilega nemendur við skólann. — Í Reykjavík var stofnaður sjóður, er nefnist «Ekknasjóður Reykjavíkurbæjar» til styrktar ekkjum og börnum fátækra þurrabúðarmanna í bænum, þeirra er greitt hafa að minnsta kosti tvö ár fast tillag, 2 kr., til sjóðsins. — Þá var og stofnaður þar í höfuðborginni (3. marz) annar sjóður, nokkuð einkennilegur, «Tvö þúsund ára afmælistjóður Íslands», stofnfjeld 4 kr., er ávaxtast skulu í Söfnunarsjóði Íslands þar til árið 2874 á 2000 ára afmæli byggingar landsins, er sjóðurinn verður algerleg eigu þess. Þriðji sjóðurinn, er stofnaður var í Reykjavík þetta árið, er «Systrasjóðurinn», er kvennaskólinn í Rvík á og ætlaður er til styrktar námsmeyjum þar; stofnfjeld var um 200 kr. — Auk þessa voru nokkrir sparisjóðir stofnaðir út um land, t. d. á Vopnafirði, og ýmisleg önnur menningarfjeldög.

Búnaðarstyrkur af landsfje var veittur 84 búnaðarfjeldögum að upphæð samtals 8000 kr. Auk þessara búnaðarfjelaga risu og upp nokkur ný, er engan styrk hafa enn fengið.

*Málþráður*, hinn fyrsti hjer á landi, var lagður milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, fyrir forgöngu Jóns Þórarinsonar, skólastjóra í Hafnarfirði, kostaði alls rúmar 3000 kr. Málþráðurinn var vígður af landshöfðingja 16. okt.

Annað helzta mannvirki, sem unnið hefir verið hjer á þessu ári, er *hafnarbryggja* á Akureyri, öll úr grjóti og bundin steinlími, 18 álna breið og verður nær 150 álna löng, er hún er fullger; geta þá seglskip öll og velflest gufuskip legið við hana; eptir bryggjunni liggja sporbrautir upp til verzlunar-